

2. fundur samráðsvettvangs trú- og lífsskoðunarfélaga og Reykjavíkurborgar

Ár 2022, mánudaginn 28. nóvember, var haldinn 2. fundur samráðsvettvangs trú- og lífsskoðunarfélaga og Reykjavíkurborgar. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 15.19. Fundinn sátu: Magnús Davíð Norðdahl, Karim Askari fyrir Stofnun Múslima á Íslandi, Leslie Andreas Bocanegra Delgado og Juan Diego fyrir Alþjóðlega kirkju Guðs og Jesú Krists, Eygló Jónsdóttir fyrir Búddistasamtökin SGI, Ingvi Kristinn Skjaldarson fyrir Hjálpræðishernum, Gunnar Vilhelmsson fyrir Andlegt ráð Bahá'ía á Íslandi, Birna Björnsdóttir fyrir Ashutosh Jóga á Íslandi, Avraham Feldman Rabbi og Unnar Thorlacius Eiríksson fyrir Menningarfélag Gyðinga. Eftirtaldir starfsmenn sátu fundinn: Anna Kristinsdóttir og Joanna Marcinkowska. Guðný Bára Jónsdóttir ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Anna Kristinsdóttir mannréttindastjóri setti fundinn
2. Fram fór ávarp Magnús Norðdahl formanns mannréttinda og ofbeldisvarnarráðs.
3. Fram fór kynning á reglum Reykjavíkurborgar um úthlutun lóða til skráðra trú- og lífsskoðunarfélaga

Borgarráð samþykkti reglur um úthlutun lóða til trú- og lífsskoðunarfélaga þann 4. október 2022. Árið 2013 var gerð umfangsmikil breyting á lögum um skráð lífsskoðunar- og trúfélög. Gildissvið laganna var útvíkkað þannig að mun fleiri félög gætu í kjölfarið fengið skráningu. Í reglunum segir að borgarráð úthlutar lóðum og selur byggingarrétt til skráðra trú- og lífsskoðunarfélaga. Trú- og lífsskoðunarfélög geta sótt um að fá úthlutaðri lóð innan Reykjavíkur til Reykjavíkurborgar, liggja fyrir gilt deiliskipulag fyrir lóð undir starfsemi trú- og lífsskoðunarfélaga. Borginni er aldrei skylt að verða við umsókn trú- og lífsskoðunarfélaga um úthlutun lóða. Reglurnar segja einnig til um að trú- og lífsskoðunarfélög greiði gatnagerðargjöld í samræmi við ákvæði laga um gatnagerðargjald, nema þau séu undanþegin skv. lögum. Fyrir byggingarrétt greiða trú- og lífsskoðunarfélög markaðsvirði, nema þau séu undanþegin skv. lögum.

Lesið má hér [reglurnar um úthlutun lóða til trú- og lífsskoðunarfélaga](#)

4. Fram fór umræða með skóla- og frístundasviði um viðbrögð og ferla Reykjavíkurborgar þegar áföll eiga sér stað í skólum.

Ólöf Kristín Sivertsen verkefnastjóri fagskrifstofu grunnskóla Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar ásamt Sigríði Nönnu Heimisdóttur aðstoðarskólustjóra í Hagaskóla tóku sæti á fundinum undir þessum lið.

Í erindi þeirra kom fram að sú breyting hefur átt sér stað síðustu ár, að ekki er lengur kallað sjálfkrafa til prest þegar áföll eiga sér stað. Í stað þess er haft samband við það trú- og lífsskoðunarfélag sem barn tilheyrir í samráði við foreldra

Þá er einnig starfandi áfallateymi sem er skipað fagaðilum og eru hluti af ferlinu. Áfallahjálp er í boði fyrir starfsfólk. Þá er fjölskyldum boðið upp á aðstoð og fylgt er eftir stuðningi frá sorgarmiðstöð og Pieta samtökunum.

5. Umræður

Næsti fundur verður haldinn hjá Hjálpræðishernum í mars.

2nd meeting of the Consultation Forum of the City of Reykjavík and religious and non-religious conviction associations in the capital area.

On Monday, 28th of November 2022, the 2nd meeting of the Consultation Forum of the City of Reykjavík and religious and non-religious conviction associations in the capital area was held. The meeting was held in Reykjavík City Hall and started at 15.19. The meeting was attended by: Magnús Davíð Norðdahl, Karim Askari for the Islamic Foundation of Iceland, Leslie Andreas Bocanegra Delgado and Juan Diego for the International Church of God and Jesus Christ, Eygló Jónsdóttir for the Buddhist Association SGI, Ingvi Kristinn Skjaldarson for the Salvation Army, Gunnar Vilhelmsson for the Local Spiritual Assembly of the Bahá'ís of Reykjavík, Avraham Feldman Rabbi and Unnar Thorlacius Eiríksson for the Jewish Cultural Association.

The following employees attended the meeting: Anna Kristinsdóttir and Joanna Marcinkowska. Guðný Bára Jónsdóttir wrote the minutes of the meeting.

This happened:

1. Human Rights Director Anna Kristinsdóttir greeted the meeting
2. A speech by Magnús Davíð Norðdahl, Chairman of the Human Rights and Violence Prevention Council, took place
3. An introduction of the rules of City of Reykjavík regarding the allocation of plots of land to religious and non-religious conviction associations.

The city council approved the rules of the City of Reykjavík regarding the allocation of plots of land to religious and non-religious conviction associations on October 4, 2022. In 2013, an extensive change was made to the law on registered religious and non-religious conviction associations. The scope of the law was extended so that many more religious and non-religious conviction associations could subsequently be registered. According to the rules on the allocation of plots of land for religious and non-religious conviction associations, the city council allocates plots and sells building rights to registered religious and non-religious conviction associations. Religious and life-viewing associations can apply for an allocated plot within Reykjavík to the City of Reykjavík if there is valid a zoning plan for a plot of land for religious and non-religious conviction associations. The city is never obliged to accept an application of allocation of plots of religious and non-religious conviction associations. The rules also state that religious and non-religious conviction associations pay a municipal street construction fee in accordance with the provisions of the Street Construction Fee Act, unless they are exempted according to law. For building rights, religious and non-religious conviction associations pay market price, unless they are exempted according to law.

Read the [rules](#).

4. A discussion on the City of Reykjavík response and processes when trauma occurs in school, with the School and Recreation Department of Reykjavík.

Ólöf Kristín Sivertsen, project manager at the Primary school Office and Sigríður Nanna Heimisdóttir, assistant principal at Hagaskóli took part in the meeting at this programme

In recent years a change has taken place at the schools regarding trauma response. A priest is no longer automatically contacted when trauma occurs. Instead, the religious or non-religious association that the child belongs to is contacted in consultation with its parents.

A trauma team is acting and is a part of a trauma response. The team is made up of professionals. Trauma support is also available for staff. Families are offered help and follow-up support from the grief centre (Sorgarmiðstöðin) and the Pieta Association.

5. Discussions

Next meeting will be held in March at the Salvation Army.